

Borgarráð

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnaðargreiningu  
fram tíðarskipulags skólamála í Laugardal og Laugarneshverfi***

Á fundi borgarráðs 30. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvar kostnaðargreining þriggja möguleika á fram tíðarskipulagi skólamála í Laugardal og Laugarneshverfi er stödd og hvenær er að vænta niðurstöðu hennar? Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna fjölgunar nemenda að farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugarlækjarskóla og Langholtsskóla. Fulltrúi Flokks fólksins hefur spurt um framtíð skólamála í Laugardal og Laugarneshverfi í ljósi þessa. Svar við fyrirspurninni barst á fundi skóla- og frístundaráðs 28. september. Í svari kemur fram að í janúar 2021 var samþykkt að setja af stað starfshóp sem hefði það hlutverk að rýna stöðuna í Laugarnes- og Langholtshverfi með tilliti til úrbóta í húsnæðismálum grunnskóla og frístundastarfs og koma með tillögur um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfinu. Skóla og frístundasvið stýrði hópnunum en umhverfis- og skipulagssvið kom líka að vinnunni. Kostnaðargreining þeirra möguleika sem þóttu vænlegastir átti að hefjast á sumarmánuðum. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um hvar kostnaðargreiningin er stödd og hvenær er að vænta niðurstöðu.*

Á fundi borgarráðs 4. nóvember nk. verður lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi. Starfshópurinn hafði það hlutverk að rýna stöðuna í Laugarnes- og Langholtshverfi með tilliti til úrbóta í húsnæðismálum grunnskóla og frístundastarfs og koma með tillögur um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfunum.

Virðingarfyllt

Helga B. Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

